

Nd.

905. Nefndarálit

[346. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hl. félagsmálanefndar.

Á síðustu fimm árum, 1982–1986, hefur útsvar sveitarfélaga svarað til um 6,25% miðað við staðgreiðslu. Á árinu 1987 verður mjög mikil hækkun á rauntekjum sveitarfélaga af útsvari. Þjóðhagsstofnun áætlar að miðað við 20% tekjuhækkun á árinu þyrfti útsvarsprósenta í staðgreiðslukerfi að vera 7,2%. Ef miðað er við 22,5% tekjuhækkun, líkt og gert er í síðustu þjóðhagsspá, nægði 7% útsvar til þess að sveitarfélög næðu áætluðum tekjum í staðgreiðslukerfi. Af framansögðu er ljóst að 7,5% útsvar þýðir 20% hækkun útsvarstekna miðað við árabilið 1982–1986. Með 7% útsvari væri raunhækkun útsvarstekna 12% sem telja verður allmyndarlega viðbót á möguleikum sveitarfélaga til tekjuhækkunar.

Í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins um staðgreiðslukerfi var ekki gert ráð fyrir beinni hækkun gjalda eins og nú virðist stefnt að. Hitt geta menn verið sammála um að óvissuþættir séu ýmsir í framkvæmd tekjuskattslaga, en að þessu leyti virðist ætlunin að nota kerfisbreytingu sem skjól til hækkunar á sköttum sveitarfélaga.

Annar minni hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Sú breytingartillaga gerir ráð fyrir að hundraðshluti útsvars af tekjum hvers almanaksárs verði aldrei hærri en 7% eins og var í frumvarpinu í upphaflegri gerð.

Alþingi, 13. mars 1987.

Guðmundur J. Guðmundsson.